

Úrskurðarorð:

Kyrrsetja skal eignir kærða Geirs Guðmundssonar, Hraunbæ 38, Reykjavík, til tryggingar 50.611.500 króna greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli.

Yfirborgarfógetanum í Reykjavík er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Mánudaginn 5. mars 1979.

Nr. 39/1979. **Ákærvaldið**
 gegn
Gísla Grétari Sigurjónssyni.

Kærumál. Kyrrsetning samkv. 144. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur skotið úrskurði sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979 til Hæstaréttar með kæru 23. s. m., er barst Hæstarétti 26. s m. Samkvæmt gögnum máls var úrskurðurinn birtur varnaraðilja 22. s. m.

Eigi hefur borist sérstök greinargerð til Hæstaréttar af hálfu varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð í málinu og krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Framangreindur úrskurður er kæránlegur með stoð í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Skilja verður hinn kærða úrskurð svo, að með honum hafi rannsóknardómari í máli varnaraðilja markað sér þá stefnu fyrir sitt leyti, að hann muni leita eftir kyrrsetningu hjá yfirborgarfógeta á eignum varnaraðilja, sbr. 144. gr. laga nr. 74/1974, til tryggingar væntanlegri skaðabótakröfu og sak-

arkostnaði, svo sem nánar greinir í úrskurðinum. Eigi eru efni til að hrinda hinum kærða úrskurði svo skýrðum sem að framan greinir.

D ó m s o r ð :

Heimilt er, að leitað verði eftir því af hálfu sakadóms Reykjavíkur samkvæmt framanrituðu, að kyrrsettar verði eignir varnaraðilja til tryggingar greiðslu skaðabóta, er greinir í hinum kærða úrskurði, svo og vegna greiðslu sakarkostnaðar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 21. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Hinn 1. desember 1978 barst rannsóknarlögreglu ríkisins kæra frá bandaríska varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli vegna ætlaðs misferlis við innflutning og sölu á hjólbörðum frá Hjólbarðasölunni s/f til varnarliðsins frá því í október 1976. Í kærinni er talið, að 1788 hjólbarðar, sem varnarliðið hafði greitt fyrir, hafi ekki verið afhentir varnarliðinu og sé andvirði þeirra \$ 153.252.00.

Við rannsókn þessa máls hafa 5 menn, þ. á m. kærði Gísli Grétar Sigurjónsson, Laugarásvegi 67, Reykjavík, viðurkennt að hafa átt þátt í því, að varnarliðið greiddi fyrir hjólbarða, sem það fékk aldrei, með því m. a. að panta og kvitta fyrir móttöku á hjólbörðum, sem aldrei bárust varnarliðinu, og rangfæra bókhald. Ágóðanum skiptu þeir síðan á milli sín.

Yfirheyrslur yfir mönnunum 5 hafa ekki leitt í ljós, hve háa fjárhæð þeir hafa komist yfir á framangreindan hátt né hve mikið hver fékk í sinn hlut. Samkvæmt yfirliti, sem RLR hefur gert og byggt er á hjólbarða- og hjólbarðaslangnapöntunum varnarliðsins frá 13. sept. 1976 til 27. okt. 1978 og tollpappírurum yfir hjólbarða og hjólbarðasöngur, sem varnarliðinu hafa borist, hefur varnarliðið greitt \$ 448.319.66, en þar af hafa vörur að verðmæti \$ 159.651.96 ekki komið fram.

Örn Höskuldsson héraðsdómslögmaður, lögmaður varnarliðsins í máli þessu, ritaði RLR bréf hinn 13. febrúar sl. og óskaði eftir, að rannsóknarlögreglan færi fram á við sakadóm Reykja-

víkur, að gert yrði löghald í eignum kærðu til tryggingar greiðslu skaðabóta til varnarliðsins. Taldi lögmaðurinn misferli kærðu nema a. m. k. \$ 155.000.00, eða 50.111.500 krónum miðað við gengi bandaríkjadals þann 13. þ. m.

Þann 14. febrúar var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur lögð fram krafa RLR um kyrrsetningu á eignum hinna 5 kærðu til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta, sbr. 144. gr. laga 74/1974. Ekki er í kröfunni greind sú fjárhæð, sem kyrrsetningunni er ætlað að tryggja greiðslur á, en vitnað er til þeirrar fjárhæðar, sem í kæru varnarliðsins getur.

Hinn 15. febrúar sendi dómariinn yfirborgarfégetanum í Reykjavík endurrit þinghaldsins 14. febrúar ásamt kröfu RLR og öðrum gögnum málsins og óskaði eftir, að eignir kærða yrðu kyrrsett.

Í símtali við fulltrúa yfirborgarfégeta hinn 16. febrúar var lagt fyrir hann að fresta framkvæmd kyrrsetningarinnar, enda taldi dómariinn þá rétt, að krafa RLR yrði borin undir kærða og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana.

Kærði kom fyrir dóminn hinn 19. febrúar ásamt lögmanni sínum, Sigurði Sigurjónssyni héraðsdómslögmanni, og mótmæltu þeir kröfu RLR. Krafdist lögmaðurinn þess, að kröfunni yrði hafnað, og hefur hann rökstutt þá kröfu sína í 5 liðum, sem rétt þykir að rekja efnislega:

1. Rannsókn málsins er hvergi nærri lokið, en í 145. gr. laga 74/1974 virðist við það miðað, að ákæra hafi verið gefin út á hendur sökunaut, svo að löghaldi verði við komið, svo sem 144. gr. gefur tilefni til.
2. Ljóst er af gögnum málsins, að um mörg brot er að ræða, en ekki eitt sameiginlegt brot hinna 5 kærðu. Enn fremur, að þeir hafi um mismunandi langa hríð verið tengdir afbrotum þeim, sem kæran hljóðar um. Að þessu gefnu sé fullljóst, að ekki sé um solidariska ábyrgð að ræða gagnvart „heildar-bótakröfu, sem er áætluð af gerðarbeiðanda US \$ 155.000“.
3. Krafa varnarliðsins hljóðar um greiðslu á bandaríkjadöllum, en bætur eiga að greiðast í íslenskri mynt, þar sem kærðu hafa aldrei fengið greitt í bandaríkjadöllum.
4. Kærði hefur rætt við „amerískan fulltrúa varnarliðsins“ um greiðslu bóta og hefur lýst vilja sínum til bótagreiðslna fyrir honum og við yfirheyrslur. Enn fremur liggur ekkert fyrir, sem bendir til undanskots eigna kærða og gefið gæti tilefni til löghalds.

5. Kærði hefur verið óvenjulega samstarfsfús við að upplýsa mál það, sem löghaldsbeiðnin er reist á.

Um framangreind rök er þetta að segja:

Um 1. 145. gr. laga nr. 74/1974 gerir ráð fyrir, að koma megi að bótakröfu í „vætanlegu refsímáli“, þ. e. fyrir útgáfu ákæru. Varnarliðið hefur ekki, svo vitað sé, komið að í málinu kröfu um skaðabætur, enda er tjón þess enn óljóst, þar sem rannsókn er ólokið. Ekki er það skilyrði kyrrsetningar samkv. 144. gr. laga 74/1974, að krafa hafi komið fram um bætur. Fer það eftir álitum dómara, hversu mikið skuli kyrrsetja.

Um 2. Hinir 5 kærðu stóðu saman að margnefndu misferli með vitund um aðild hver annars. Af gögnum málsins má ætla, að um raðbrot sé að ræða, sem virt muni verða sem eind. Ekki hefur verið í ljós leitt, hve mikið hver kærðu fékk í sinn hlut. Verður því að miða við, að þeir beri ábyrgð in solidum á tjóni því, sem ætla má, að varnarliðið hafi beðið af háttsemi þeirra.

Um 3. Gögn málsins bera með sér, að greiðslur hafi farið fram með ávísunum á erlendan gjaldeyri.

Um 4. Kærði hefur rætt við John R. Michaud, rannsóknarlög- reglumann hjá varnarliðinu, um greiðslu bóta. Erni Höskuldssyni héraðsdómslögmanni hefur samkvæmt umboði frá varnarliðinu verið falið að gæta hagsmuna þess í máli þessu. Bar því að semja við hann um greiðslur. Þar sem það hefur ekki verið gert og engar tryggingar settar fyrir greiðslum, verður kyrrsetningarkröfu ekki hafnað á þeim forsendum.

Um 5. Enda þótt kærði hafi sýnt samstarfsvilja við rannsókn málsins, verður ekki hjá því litið, að varnarliðið á ríkra hagsmuna að gæta, og rýrir samstarfsfýsi kærða ekki rétt varnarliðsins til þess að leita eftir tryggingu á vætanlegri bótakröfu sinni.

Rannsókn á ætluðu misferli kærðu er ólokið, og sem fyrr segir, er ekki ljóst, hve háa fjárhæð þeir hafa komist yfir hjá varnarliðinu, en samkvæmt gögnum málsins virðist vera um verulega fjárhæð að ræða. Þykir því rétt að verða við kröfu RLR um kyrrsetningu á eignum kærða til tryggingar greiðslu skaðabóta.

Svo sem áður greinir, þykir verða að telja kærðu bera ábyrgð in solidum.

Eftir atvikum þykir ekki rétt að miða þá fjárhæð, sem kyrrsetningu er ætlað að tryggja greiðslu á, við hærri fjárhæð en þá, er lögmaður varnarliðsins greinir í bréfi sínu til RLR, þ. e. \$ 155.000.00, eða kr. 50.111.500.

Ætla má, að til málshöfðunar gegn kærðu komi að rannsókn málsins lokinni, en óvíst er, hver sakarkostnaður í máli þeirra kann að verða. Þykir á þessu stigi málsins ekki óvarlegt að ætla, að hann kunni að nema kr. 500.000 á hvern kærðu, og þykir því rétt að verða við kröfu um kyrrsetningu á eignum kærða til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar að því marki.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 144. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber því að ákveða, að kyrrsetja skuli eignir kærða Gísla Grétars Sigurjónssonar til tryggingargreiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, samtals að fjárhæð kr. 50.611.500.

Yfirborgarfógetanum í Reykjavík er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Kyrrsetja skal eignir kærða Gísla Grétars Sigurjónssonar, Laugarásvegi 67, Reykjavík, til tryggingar 50.611.500 króna greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta til varnarliðs Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli.

Yfirborgarfógetanum í Reykjavík er falin framkvæmd úrskurðar þessa.

Mánudaginn 5. mars 1979.

Nr. 40/1979. **Ákærvaldið**
 gegn
Hrafnkeli Óskarssyni.

Kærumál. Kyrrsetning samkv. 144. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur skotið úrskurði sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979 til Hæstaréttar með kæru 23. s. m., er barst Hæstarétti 26. s. m. Samkvæmt gögnum máls var úrskurðurinn birtur varnaraðilja 22. s. m.